



Samtök Tæknimann Sveitarfélaga

Hafnarfirði 23. janúar 2008.

Menntamálanefnd Alþingis
B/t nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn SATS á frumvarpi til breytinga á lögum um húsafriðun og lögum um skipulags- og byggingarmál.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 104/2001, um húsafriðun.

1. grein.

Lagt er til að 6. grein laga um húsafriðun verði breytt, þannig að öll hús sem eru 100 ára og eldri verði friðuð með lögum og jafnframt allar kirkjur sem eru 75 ára og eldri. Í gildandi lögum er friðun miðuð við hús byggð fyrir 1850 og kirkjur byggðar fyrir 1918. Þá er lagt til að eigendum húsa sem eru 75 ára og eldri sé skylt að leita umsagnar húsafriðunarnefndar ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa. Gildandi lög miða við ártalið 1918. Þá er lagt til að kveðið sé fastar á um skyldur byggignarfulltrúa að framfylgja þessum ákvæðum, þannig að í stað þess að byggingarfulltrúum "beri að fylgjast með því að eigendur húsa, sem fjallað er um í þessari grein, leiti eftir álitum húsafriðunarnefndar og minjavarða áður en leyfi er veitt til framkvæmda" skuli þeir ganga úr skugga um það.

2. grein

Þá er lagt til að ákvæði um skyndifriðun í 8. grein laganna verði breytt þannig að skyndifriðun gildi í fjórar vikur í stað tveggja.

Í greinargerð með frumvarpinu er talið eðlilegra að miða við aldur húsa en ákveðin ártöl, og með þessari breytingu nái ákvæðin m.a. til steinsteypra húsa, sem flest séu byggð eftir 1918. Þá þykir tími skyndifriðana í gildandi lögum of stuttur til að ráðherra fái ráðrúm til að kanna forsendur skyndifriðunarinnar.

Umsögn:

1. grein.

Taka má undir það að eðlilegra sé að miða við aldur húsa en fast ártal. Þó ber að stíga hér varlega til jarðar, því að þótt í dag miðist 100 ár við ártalið 1907, 75 ár miðist við ártalið 1932 og tiltölulega fá hús lendi innan þess ramma, þá breytast þessi ártöl með tímanum, og innan þess ramma geta með tímanum lent óeðlilega mörg hús í misjöfnu ástandi. Það getur sett eðlilegri þróun bæja og borga of þröngar skorður. Hugsanlegt væri að Húsafriðunarnefnd fái í þess stað heimild til að friða hús eldri en

100 ára telji hún til þess ástæðu og að leita skuli álits Húsafriðunarnefndar um hús 100 ára og eldri sem ekki eru friðuð.

Til að koma í veg fyrir að innan fárra ára lendi "óeðlilega" mörg hús undir friðunarákvæði þá má vel hugsa sér að að húsafriðunarnefnd í samvinnu við sveitarfélög sé gert skylt í lögum að skila af sér áætlun um vernd húsa eða húsabyrpinga á t.d. 5-10 ára fresti. Með þessum hætti væri hægt að tryggja að ekki verði um það að ræða að öll hús í ákveðnum aldursflokki njóti sömu verndar og að til séu upplýsingar og áætlanir um vernd þeirra húsa og húsabyrpinga sem sérstaklega ber að friða.

2. grein.

Ekki er gerð athugasemd við tímalengd skyndifriðunar.

II. KAFLI

Breyting á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997.

3. grein

Lagt er til að við 6. mgr. 9. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: "Nú gildir ákvæði hverfisverndar, samkvæmt lögum þessum, um einstakar byggingar, mannvirki eða húsabyrpingar og er skipulagsfulltrúum þá skylt að leita álits húsafriðunarnefndar áður en breytingar á skipulagsskilmálum eru heimilaðar. Hið sama gildir ef á skipulagssvæði eru byggingar sem ákvæði 6. gr. laga um húsafriðun taka til."

Í greinargerð segir að flutningsmenn telji það sérstaklega mikilvægt til að tryggja að sjónarmið húsafriðunar og húsverndar komi fram og séu höfð til hliðsjónar strax á skipulagsstigi.

Umsögn:

Taka má undir það að eðlilegt sé að tekin sé afstaða til húsafriðunar og húsverndar strax á skipulagsstigi. Lagðar eru til eftirfarandi orðalagsbreytingar: Í stað "Nú gildir ákvæði hverfisverndar samkvæmt lögum þessum skal leita álits húsafriðunarnefndar ..." komi "Nú hefur sveitarstjórn sett ákvæði um hverfisvernd samkvæmt lögum þessum..... skal leita umsagnar húsafriðunarnefndar..."

Virðingarfyllst

F.h. SATS

Erlendur Árni Hjálmarsson form.

Fasteignafélagi Hafnarfjarðar

Strandgötu 11 Hafnarfirði

Sími 585 5634, gsm. 664 5634

elli@hafnarfjordur.is